



Garðabær
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 1. júlí 2020

Efni: Fræsun og malbikun á höfuðborgarsvæðinu

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vilja með erindi þessu vekja athygli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á ábendingum með samtökunum hafa borist að undanfögnu hvað varðar fyrirkomulag og framkvæmd er viðkemur fræsun og malbikun á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og verklag umræddra framkvæmda hefur verið í sumar þá hefur fræsun og malbikun að meginstefnu verið framkvæmd á dagvinnutíma á virkum dögum með tilheyrandi umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu. Hafa aðildarfyrirtæki SI vakið athygli samtakanna á því óhagræði sem þær tafir hafa haft á starfsemi fyrirtækja og sér í lagi fyrirtæki sem grundvalla starfsemi sína á að koma til skila vörum eða sækja vörur, s.s. afhending á aðföngum eða sorphirða svo dæmi séu tekin.

Eins og áður segir, og framkvæmdaraðilum má vera ljóst þá hafa orðið verulegar umferðartafir vegna framkvæmda yfir daginn og sér í lagi á umferðarþungum götum á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að þetta felur bæði í sér óhagræði fyrir bæði atvinnulíf og almenning svo ekki sé talað um umhverfisáhrif, s.s. losun gróðurhúsalofttegunda, þegar bílar eru langtímum saman í umferðarteppu.

Þessu til viðbótar hafa SI einnig borist ábendingar um að víða sé merkingum og viðvörðunum um framkvæmdir, hjáleirðir og aðrar upplýsingar áfátt en samtökin telja verulega mikilvægt að upplýsingaflæði, aðvaranir og leiðbeiningar séu með skýrum hætti og aðgengilegar til að varna álagi kringum framkvæmdasvæði og liðka fyrir umferð.

Í ljósi þessa skora SI á sveitarfélög að taka til skoðunar að þessar framkvæmdir á þeirra vegum fari fram utan álagstíma á daginn, s.s. kvöldin og nóttunni, og þá sér í lagi þessa björtustu daga ársins eins og áður var gert og víða eru dæmi erlendis frá. Má gefa sér að þrátt fyrir að slíkar breytingar kunni að fela í sér aukin kostnað þá er líklegt að samfélagslegur ábati verði því mun meiri. Þá er um leið ítrekað mikilvægi þess að hugað verði betur að merkingum eins og að framan greinir.

Er framangreindu hér með komið á framfæri og skorað á framkvæmdaaðila að huga að þessum ábendingum þegar ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir vegna fræsunar og malbikunar með það að leiðarljósi að lágmarka áhrif þeirra framkvæmda á bæði almenning og atvinnulíf.

Virðingarfyllst,

Lárus M. K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á framleiðsluviði